

L Ö G

43
19. maí

um

greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem til er tekið í lögum þessum, að láta rikissjóð taka að sér greiðslu lána þeirra úr veðdeild Landsbankans og Viðlagasjóði, sem hvila á eigendum jarða í Skeiðahreppi í Árnessýslu vegna Skeiðaáveitunnar.

2. gr.

Jarðir þær, sem átt er við í 1. gr., eru þessar: Fjall (tvö býli), Framnes, Birnustaðir, Reykir, Húsatóftir (tvö býli), Hlemmiskeið (tvö býli), Brjámsstaðir, Votamýri, Blesastaðir, Skeiðháholt, Kálfhóll, Kílhraun, Borgarkot, Langa-mýri, Arakot, Brúnavallakot, Syðri-Brúnavellir, Útverk, Miðbýli, Vorsabær, Efri-Brúnavellir og Árhraun.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra má því aðeins nota heimild þá, sem felst í 1. gr., að fullnægt sé eftirfarandi skilyrðum:

1. Að allir eigendur jarðanna, sem nefndar eru í 2. gr., skuldbindi sig til þess að hlita lögum þessum.
2. Að þeir eigendur jarðanna, sem að áliti þriggja manna nefndar, er atvinnumálaráðherra skipar, þurfa þess, vegna skuldbindinga, er ekki koma áveitunni við, leiti nauðasamninga við lánardrottna sína og nái þeim með kjörum, sem nefndin telur ekki ofvaxið fjárhag þeirra.
3. Að hreppsnefnd Skeiðahrepps, með samþykki lögmæts hreppsfundar, ábyrgist gagnvart rikissjóði, að eigendur jarða þeirra, sem í 2. gr. getur, greiði á árunum 1930—1980, í gjalddaga 20. október ár hvert, 2^o/_o af höfuðstóli lánanna, sem tekin hafa verið til áveitunnar og hvila á eigendum jarðanna, eins og hann verður þegar lög þessi öðlast gildi.

43

19. maí

4. gr.

Til þess að bæta ríkissjóði gjöld, sem hann hefir af lögum þessum, ef heimild 1. gr. verður notuð, er lagður verðhækkunarskattur á jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., og er hann tvennskonar, verðhækkunarskattur eftir fasteignamati og verðhækkunarskattur við sölu.

5. gr.

Til grundvallar verðhækkunarskatti eftir fasteignamati skal leggja landverð jarðanna eins og það er talið í jarðamatsbókinni frá 1921, og kemur hann fyrst til framkvæmda við mat það, sem á fram að fara árið 1940. Skattur þessi nemur 10% af hækkun landverðsins og greiðist með jöfnum afborgunum og 6% ársvöxtum á næstu 10 árum eftir hvert almennt fasteignamat. Heimilt er þó jarðeiganda að greiða hann fyrr, ef hann óskar.

Skattur þessi greiðist í síðasta sinni af verðhækkun, sem verða kann við fasteignamatið 1980, og skál því falla burtu í síðasta lagi 1990.

Skatturinn telst aðeins af þeirri hækkun landverðsins, sem orðið hefir á síðustu 10 árum, nema í fyrsta skipti telst hann af hækkun þess á síðustu 20 árum.

Sýslumaður innheimtir skattinn á manntalsþingum og gerir ríkissjóði skil fyrir honum á sama hátt og öðrum tekjum hans. Fjármálaráðherra ákveður, hvernig reikningshaldi skuli háttáð.

6. gr.

Söluskatturinn miðast við fasteignamat (landverð og húsaverð) eins og það er á þeim tíma, sem sala fer fram. Skatturinn nemur 20% af því, sem söluverðið er hærra en fasteignamatið, og greiðist hann sýslumanni áður en 2 mánuðir eru liðnir frá því, er fullsamið var um sölu. Bæði kaupandi og seljandi eru ábyrgir fyrir greiðslu skattsins.

Nú hefir seljandi gert húsabætur eða tónbætur síðan síðasta jarðamat fór fram, og skal þá sýslumaður, ef þess er óskað, láta fram fara mat á, hversu mikið jörðin muni hafa hækkað í verði við umbæturnar, eftir þeim reglum, sem fasteignamatsnefndir fylgja. Þegar svo stendur á sem hér segir, greiðist skatturinn af mismun söluverðs og samanlögðu fasteignamatsverði og verði umbótanna.

Skattur samkvæmt þessari grein greiðist ekki, þegar jörð fellur í arf til maka, afkomenda eða fósturbarna. Annars greiðist hann jafnan, er sala fer fram, frá því er lög þessi öðlast gildi og til ársloka 1980.

Sýslumaður gerir árleg skil fyrir skattinum á sama hátt og segir í 5. gr.

7. gr.

Nú greiðir jarðeigandi að fullu hluta jarðar sinnar af stofnkostnaði áveitunnar áður en 10 ár eru liðin frá því lög þessi öðlast gildi, og er þá jörð hans undanþegin öllum skatti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

43

Jarðirnar, sem taldar eru í 2. gr., eru að lögveði fyrir greiðslum öllum, er ræðir um í 3.—6. gr. laga þessara, næst á eftir því, sem nú hvílir á þeim. Lögveð þetta hefir uppfærslurétt, þannig, að þegar það er greitt, sem nú hvílir á, kemur lögveðið næst á eftir almennum opinberum sköttum.

9. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra jarða á áveitusvæðinu, sem eru utan Skeiðahrepps.

10. gr.

Ríkissjóður hefir lögtaksrétt fyrir greiðslum samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um viðhald og starfrækslu Skeiða-áveitunnar. Þar skal taka til, hvernig áveitumálum skuli stjórnað, skylda ábúendur til að halda áveitunni við, kveða á um framlög til hennar og annað, sem með þarf, til þess að hún komi að sem fyllstum notum. Reglugerð þessi gildir sem lög fyrir áveitufélagið og má ákveða sektir fyrir brot gegn henni. Þegar reglugerðin verður gefin út, fellur úr gildi samþykkt um félagsáveitu í Skeiðahreppi, 24. september 1917.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.